



1. Hvar vinnur þú?



H1.47

David: Hæ Sebastian! Gaman að sjá þig!

Sebastian: Sömuleiðis. Hvað segir þú gott?

David: Allt fínt. Hvar vinnur þú núna?

Sebastian: Ég vinn í skóla.

David: Hvað gerir þú í vinnunni?

Sebastian: Ég er skólaliði.

David: Hvað gerir skólaliði?

Sebastian: Skólaliði þrífur skólann og passar börnin í frímínútum.

David: Hvernig finnst þér í vinnunni?

Sebastian: Mér finnst það allt í lagi.

Hvernig **finnst þér** í vinnunni?

Mér finnst gaman í vinnunni.

Mér finnst allt í lagi í vinnunni.

Mér finnst ekkert sérstakt í vinnunni.



Hvað segir Fríða frænka?

Allir sem vinna á Íslandi fá launaseðil og borga skatta!



2. Roberto og Linh tala saman



H1.48

Hlustaðu og merktu við rétta setningu

a) Hlustaðu á Roberto.

Roberto vinnur á kassa í búð vinnur á kaffihúsi vinnur á skrifstofu

Roberto vaskar upp og afgreiðir vinnur á tölvu passar börn

Roberto finnst gaman í vinnunni finnst ekkert sérstakt í vinnunni
 finnst allt í lagi í vinnunni

b) Hlustaðu á Linh.

Linh vinnur í byggingarvinnu vinnur á spítala vinnur á bókasafni

Linh er hjúkrunarfræðingur er verkfræðingur er tölvunarfræðingur

Linh finnst alltaf gaman í vinnunni finnst oftast gaman í vinnunni
 finnst stundum gaman í vinnunni

3. Tölum saman!



a) Hvað segir þú gott?

b) Klukkan hvað vaknar þú?

Ég vakna ...

c) Hvar vinnur þú?

Ég vinn ...

d) Hvað gerir þú í vinnunni?

Ég ...

e) Hvernig finnst þér í skólanum?

Mér finnst ...

f) Hvenær ferðu að sofa?

Ég fer ...

4. Hvað varst þú að gera í gær?



H1.49



Jóna vinnur á leikskóla. Hún passar börn í vinnunni.

Hún var að vinna í gær. Hún fór líka í göngutúr í gær

og svo fór hún á kaffihús og hitti vinkonu sína.

Hún var þreytt þegar hún kom heim og hún fór snemma að sofa.



<p>Hvað varst þú að gera í gær?</p>	<p>Ég var að vinna í gær.</p>	
<p>Hvað varstu að gera í gær?</p>	<p>Ég fór í göngutúr í gær. Ég var að mála í gær. Ég fór á kaffihús í gær.</p>	

4.1 Hvað varst þú að gera

... um helgina? ... í fyrradag? ... í gær? ... áðan? ... á mánudaginn?

4.2 Hvað varst þú að gera áðan?

Ég **var** að baka áðan.



Ég **fór** í sund áðan.



4.3 Hvað varstu að gera í gær?

Ég **var** að læra í gær.



Ég **fór** í bíó í gær.






4.4 Hvað var hann að gera í fyrradag?

Hann **var** að slappa af í fyrradag.



Hann **fór** á skíði í fyrradag.



Först þú í bíó í gær?	Já, ég fór í bíó í gær. Já.	
Förstu í bíltúr í gær?	Nei, ég fór ekki í bíltúr í gær. Nei.	
För hann í sund?	Já, hann fór í sund.	
För hún í sund?	Nei, hún fór ekki í sund.	

4.5 Skrifaðu hvað fólkioð var að gera



Dæmi:



Hann var að baka í gær.

1.



Hann _____ í fyrradag.

2.



Hann _____ áðan.

3.



Ég _____ um helgina.

4.



Hún _____ á mánudaginn.

5.



Hún _____ í gær.

6.



Hann _____ á föstudaginn.

7.



Ég _____ í gær.

8.



Hún _____ áðan.

4.6 Tölum saman!

- a) Hvað varst þú að gera áðan?
- b) Hvað varst þú að gera í gær?
- c) Hvað varstu að gera í fyrradag?
- d) Hvað varstu að gera um helgina?
- e) Fórst þú í göngutúr í gær?
- f) Ert þú þreyttur núna?/Ert þú þreytt núna?

Ég var að ...

Já, ég fór ... /Nei, ég fór ekki...

Já, ég er ... /Nei, ég er ekki...


5. Hvað ætlar þú að gera?

... á eftir?


... í kvöld?

... á morgun?


... um helgina?

	<p>Hvað ætlar þú að gera á eftir?</p> <p>Hvað ætlarðu að gera á morgun?</p>	<p>Ég ætla að fara heim á eftir. Fara heim.</p> <p>Ég ætla að fara í vinnuna. Fara í vinnuna.</p>
---	---	---

5.1 Hvað ætlar fólk að gera ...?




Hann **ætlar** að þvo þvott á laugardaginn.



Þeir **ætla** að spila fótbolta á eftir.



Hún **ætlar** að læra um helgina.



Þær **ætla** að fara í sund í kvöld.



Við **ætlum** að fara í ferðalag á morgun!
= Við **ætlum** í ferðalag á morgun.



Þau **ætla** að kaupa ísskáp á fimmtudaginn.

5.2 Tengdu rétt saman



1. Ég ætla að fara í vinnuna til Kína árið 2020.
2. Hann ætlar í búð og spila við vini sína.
3. Hún ætlar að hjóla og ganga og skoða hús.
4. Þau ætla að horfa á sjónvarpið og synda 1000 metra.
5. Þeir ætla að fara í sund og vinna til klukkan fimm.
6. Þið ætlið í ferðalag í vinnuna á morgunn.
7. Hann ætlar í fótbolta og kaupa í matinn fyrir helgina.
8. Hún ætlar að kaupa þvottavél og elda mat og slappa af heima.
9. Ég ætla í göngutúr sem kostar 90.000 á útsölu.
10. Þær ætla á kaffihús og horfa á tvær bíómyndir.
11. Við ætlum að fara heim og borða kökur og tala saman.

5.3 Tölum saman!



- a) Hvað ætlar þú að gera á morgun?
- b) Hvenær ætlar þú að fara á kaffihús?
- c) Hvað ætlar þú að gera á eftir?
- d) Hvað ætlar þú að gera um næstu helgi?

Taktu eftir! Orðaröð.


Hvað ætlar þú að gera á morgun?

Ég ætla í skólann á morgun.

Á morgun **ætla ég** í skólann.

6. Dagbókin hans Sebastians

6.1 Síðasta vika




6.2 Spyrjið og svarið

Dæmi: Fór Sebastian í afmælisveislu á mánudaginn? *Nei, hann fór til tannlæknis*

1. Var Sebastian að þrifa á þriðjudaginn? *Nei, hann var að ...*
2. Fór Sebastian í bíltúr á miðvikudaginn? *Nei, ...*
3. Fór Sebastian í fjallgöngu á fimmtudaginn?
4. Fór Sebastian til tannlæknis á föstudaginn?
5. Var Sebastian að vinna í garðinum á laugardaginn?
6. Fór Sebastian á kaffihús á sunnudaginn?

6.3 Næsta vika



6.4 Spyrjið og svarið



Dæmi: Ætlar Sebastian í bíó á mánudaginn? Nei, hann ætlar í sund.

1. Ætlar Sebastian að spila tölvuleik á þriðjudaginn?
2. Ætlar Sebastian á bar á miðvikudaginn?
3. Ætlar Sebastian í sund á fimmtudaginn?
4. Ætlar Sebastian í kirkju á föstudaginn?
5. Ætlar Sebastian að þvo bílinn á laugardaginn?
6. Ætlar Sebastian í heimsókn til ömmu á sunnudaginn?

6.5 Skrifaðu svörin



- a) Hvað varst þú að gera áðan? _____
- b) Hvað ætlar þú að gera á morgun? _____
- c) Hvað ætlar þú að gera um helgina? _____

7. Skemmtilegt eða leiðinlegt?



H1.50

Henni finnst ...

Erna er ung kona sem vinnur í banka.

Henni finnst gaman að telja peninga!

Henni finnst líka mjög **skemmtilegt** að prjóna. En **henni finnst leiðinlegt** að standa í röð í búð og líka að strauja.



H1.51

Honum finnst ...

Jón er ungur maður sem vinnur á spítala.

Jón er ekki að vinna í kvöld, hann á frí.

Hann ætlar að fara í bæinn í kvöld og dansa.

Honum finnst skemmtilegt að dansa.

Honum finnst líka mjög **gaman** að veiða og

ferðast. **Honum finnst leiðinlegt** að taka til og að vinna á laugardögum!

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera?

Mér finnst skemmtilegt að ...

En hvað finnst þér leiðinlegt að gera?

Mér finnst leiðinlegt að ...

Hvað finnst **þér** skemmtilegt að gera?



Hvað finnst **honum** leiðinlegt?



Hvað finnst **henni** skemmtilegt?

Mér finnst skemmtilegt að fara í fjallgöngu.
Fara í fjallgöngu.

Honum finnst leiðinlegt að þvo bílinn.
Þvo bílinn.

Henni finnst skemmtilegt að hlaupa úti.
Hlaupa úti.

7.1 Hlustaðu og merktu við rétta setningu











H1.52

1. Hvað finnst Gabriel **skemmtilegt** að gera?
 - að veiða og fara í fjallgöngu
 - að spila tónlist og dansa
 - að læra íslensku
2. Hvað finnst Julie **skemmtilegt** að gera?
 - að fara út að borða
 - að hitta vini og fara í sund
 - að ferðast
3. Hvað finnst Gabriel **leiðinlegt** að gera?
 - að þvo þvott
 - að fara í banka
 - að taka til
4. Hvað finnst Julie **leiðinlegt** að gera?
 - að vaska upp
 - að strauja
 - að elda mat

7.3 Könnun: Spurðu alla í bekknum!



Finnst þér skemmtilegt ...

- ... að fara á bar? Já: _____ 
Nei: _____
- ... að fara í sund? Já: _____ 
Nei: _____
- ... að hlusta á tónlist? Já: _____ 
Nei: _____
- ... að ryksuga? Já: _____ 
Nei: _____
- ... að vera heima? Já: _____ 
Nei: _____
- ... að dansa? Já: _____ 
Nei: _____
- ... að veiða? Já: _____ 
Nei: _____
- ... að þvo bílinn? Já: _____ 
Nei: _____

8. Hvað kann ég?



Skrifaðu orðin sem vantar og spurðu svo!



a) Hvar _____ þú?

Ég vinn _____

b) Hvað _____ þú í vinnunni?

Ég _____

c) _____ finnst þér í vinnunni?

Mér finnst _____

d) Hvað _____ þú að gera í gær?

Ég var að _____

e) Hvað _____ þú að gera á _____?

Ég ætla að _____ á morgun.

f) Hvað finnst _____ skemmtilegt að gera?

Mér finnst skemmtilegt að _____

g) Hvað finnst þér _____ að gera?

Mér finnst _____

9. Lestu bréfið frá Karen



H1.53

Halló.

Ég heiti Karen Trinidad og ég bý á Íslandi.

Ég leigi herbergi í Reykjavík. Ég er frá Filippseyjum.

Ég er hjúkrunarfræðingur. Ég lærði í háskóla

á Filippseyjum og líka í tvö ár í Bandaríkjunum.

Ég kom til Íslands árið 2007. Ég vinn á Land-

spítalanum. Mér finnst skemmtilegt í vinnunni

en það er stundum of mikið að gera.

Ég er gift en maðurinn minn býr ennþá á Filippss-

eyjum. Hann heitir Rodrigo og ég sakna hans mikið.

Við eigum ekki börn. Ég tala tagalog, ensku og líka

islensku. Mig langar að læra spænsku og ferðast

til Spánar. Skrifðu mér bréf og segðu mér frá þér.

Kveðja,

Karen

9.1 Hvað er rétt?



1. Karen er frá

a. Bandaríkjunum

b. Íslandi

c. Filippseyjum

2. Karen á heima

a. á Filippseyjum

b. í Reykjavík

c. í Bandaríkjunum

3. Karen er

a. ekki gift

b. skilin

c. gift

4. Hvað heitir maður Karenar?

a. Rodrigo

b. Ronaldo

c. Roberto

5. Karen á

a. engin börn

b. tvö börn

c. þrjú börn

9.2 Skrifaðu bréf til Karen og segðu frá sjálfum þér/sjálfri þér

Kæra Karen, takk fyrir bréfið.

Kær kveðja,

10. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann að segja **hvar** ég vinn

Ég vinn .../ Ég er að vinna ...

2. Ég kann að segja **hvað ég geri** í vinnunni.

3. Ég kann að **spyrja**

Hvar vinnur þú?

Hvað gerir þú í vinnunni?

4. Ég kann að **segja**

Mér finnst **gaman/skemmtilegt** í .../að ...

Mér finnst **allt í lagi** ...

Mér finnst **leiðinlegt** ...

5. Ég kann að segja **hvað ég var að gera**.

Ég var að læra ... (í gær, áðan, í fyrradag, um helgina, á mánudaginn)

Ég fór á kaffihús ... (í gær, áðan, í fyrradag, um helgina, á mánudaginn)

6. Ég kann að segja **hvað ég ætla að gera**.

Ég **ætla** að ... (á morgun, á eftir, í kvöld, um helgina)

7. Ég kann að **spyrja**

Hvað **varst þú** að gera ... (í gær, áðan, í fyrradag, um helgina, á mánudaginn)?

Hvað **ætlar þú** að gera ... (á morgun, á eftir, í kvöld, um helgina)?

8. Ég kann **sagnirnar**

að horfa á sjónvarpið

að slappa af

að fara í sund



að fara á kaffihús

að fara í göngutúr

að kaupa inn



Sagnir: Regla 2 (-i, -ir sagnir)

	að gera (2)	að segja (2)
ég	geri	segi
þú	gerir	segir
hann	gerir	segir
hún	gerir	segir
það	gerir	segir
við	gerum	segjum
þið	gerið	segið
þeir	gera	segja
þær	gera	segja
þau	gera	segja

Fleiri sagnir (2)

að kaupa	→	ég kaupi
að hitta	→	ég hitti
að læra	→	ég læri
að keyra	→	ég keyri
að leigja	→	ég leigi
að veiða	→	ég veiði

Sagnir: Regla 3 (-ur sagnir)

	að vinna (3)	að koma (3)
ég	vinn	kem
þú	vinnur	kemur
hann	vinnur	kemur
hún	vinnur	kemur
það	vinnur	kemur
við	vinnum	komum
þið	vinnið	komið
þeir	vinna	koma
þær	vinna	koma
þau	vinna	koma

Fleiri sagnir (3)

að sofa	→	ég sef
að þrífa	→	ég þríf
að skilja	→	ég skil
að drekka	→	ég drekk

Ópersónulegar sagnir – að finnast

persónufornafn	að finnast	lýsingarorð	sögn/forsetningarliður
(ég) mér	finnst	skemmtilegt	að veiða
(þú) þér			
(hann) honum	finnst	leiðinlegt	í vinnunni
(hún) henni			

Sagnir: Samsett þátíð

að vera – þátíð				að fara – þátíð				
ég	var	að vinna	áðan	ég	fór	í skólann	áðan	
þú	varst	að dansa		þú	fórst	í vinnuna		
hann	var	að skrifa		hann	fór	í bíó		
hún	var	að tala		hún	fór	í göngutúr		í gær
það	var	að lesa		það	fór	í heimsókn		í fyrradag
við	vorum	að borða		við	fórum	á kaffihús		um helgina
þið	voruð	að hjóla		þið	fóruð	á skíði		á mánudaginn
þeir	voru	að ganga		þeir	fóru	á bar		
þær	voru	að horfa		þær	fóru	til tannlæknis		
þau	voru	að hlusta		þau	fóru	til London		

Sagnir: Samsett framtíð

að ætla (regla 1)				
ég	ætla	að dansa	á eftir	
þú	ætlar	að vinna		
hann	ætlar	að kaupa í matinn		í kvöld
hún	ætlar	að slappa af		á morgun
það	ætlar	að fara í vinnuna		um helgina
við	ætlum	að fara í bíó		á mánudaginn
þið	ætlið	í vinnuna		
þeir	ætla	í skólann		
þær	ætla	í bíó		
þau	ætla	á kaffihús		

